

Sb.

578. Tillaga til þingsályktunar

[209. mál]

um hafsbotsréttindi Íslands og samvinnu við Færeyinga.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fylgja fast eftir, á grundvelli tillögu þeirrar sem afgreidd var á Alþingi hinn 22. desember 1978, kröfum um hafsbotsréttindi sunnan 200 mílna efnahagslögsögu Íslands, að því marki sem þjóðréttarreglur frekast leyfa, og efna í því sambandi hið allra fyrsta til viðræðna við aðrar þjóðir sem gert hafa kröfur á þessu svæði.

Jafnframt er mótmælt hvers kyns tilraunum Breta og Íra til að taka sér réttindi vestan svonefnds Rockall-trogs, utan 200 mílna þeirra, þ. á m. á Hattonbanka, enda mæla jarðfræðileg og önnur rök eindregið gegn slíku og þarna um að ræða svæði sem Íslendingar og Færeyingar telja tilheyra sér.

Alþingi lýsir yfir, að það telur fyrir sitt leyti unnt að leysa mál varðandi yfirráðarétt þessa hafsbotssvæðis milli Íslendinga og Færeyinga, annaðhvort með sam- eiginlegum yferráðum eða skiptingu svæðisins.

Er ríkisstjórninni heimilað að semja um, að gerðardómur ákveði skiptingu svæðisins milli Íslendinga og Færeyinga, ef Færeyingar æskja þess.